

#### **4. fundur haldinn að Breiðabliki 7. maí 2013.**

Mættir: Guðbjartur Gunnarsson, Sigurður Hreinsson, Hrefna Birkisdóttir, Halldór Jónsson og Þróstur Aðalbjarnarson.

Gestir fundarins: Konráð Konráðsson og Sturla Böðvarsson.

##### 1. Hitaveitumálin.

Sturla lagði fram minnisblað þar sem fram eru lagðar tillögur um framvindu málsins.

## Eyja og Miklaholtshreppur

### MINNISBLAÐ –vegna málefna hitaveitu í Eyja og Miklaholtshreppi.

Eftir viðræður við hreppsnefndarmenn, stjórnarmen Hitaveitu Eyja og Miklaholtshrepps og þá ráðgjafa sem leitað hefur verið til, er niðurstaða undirritaðs hér með lögð fram, en hún varðar framvindu þess verkefnis, að nýta jarðvarmann sem Eyja og Miklaholtshreppur hefur réttmætan aðgang að í samræmi við samning um nýtingu jarðvarma í landi Eiðhúsa.

1. Stefna ber að því að dreifikerfi hitaveitu verði stækkað með þeim hætti að sem flestir íbúar njóti hitaveitu og það verði gert með heildar hagsmuni að leiðarljósi.
2. Náist ekki samkomulag um að hreppurinn taki við eignum Hitaveitu Eyja og Miklaholtshrepps og stofni sveitarfélagsveitu, **sem virðist vera hagkvæmasta leiðin**, verði stjórn veitunnar hvött til þess að hraða fjárhagslegri endurskipulagningu hitaveitunnar með gjaldskrárbreytingu og öðrum nauðsynlegum aðgerðum, sem dugi til þess að veitan geti endurgreitt skuld sína við hreppinn. Jafnframt verði eigendasamningurinn frá 19. ágúst 2004 tekinn til endurskoðunar.
3. Gera verður ráð fyrir því að Hitaveita Eyja og Miklaholtshrepps taki lán og greiði upp skuldina við hreppinn eins og hún er bókfærð í reikningum og uppfærð með verðlagi samkvæmt samningi. Verði það liður í fjárhagslegri endurskipulagningu. Hreppurinn geri samning við lánveitanda Hitaveitunnar um að viðkomandi banki eða lánasjóður fari með hlut hreppsins í tiltekinn tíma á meðan fjárhagsleg endurskipulagning fer fram hjá Hitaveitunni og jafnvægi komið á í rekstri veitunnar. Í samningi verði skýr ákvæði um gildi þess samnings og framkvæmd hans ef aðstæður breytast.
4. Leitað verðir formlega til Orkusjóðs um stuðning og sótt um styrki fyrir þá sem njóta í dag niðurgreiddrar raforku til húshitunar. Jafnframt sækji hreppurinn um vijkjandi lán vegna borunar nýrrar virkjunarholu á vegum sveitarfélagsins sem verði hluti sveitarfélagsveitu.
5. Leitað verði eftir samstarfsaðila um borun og markaðssetningu þess jarðvarma sem nýtanlegur verður úr nýrri borholu ef ekki nást samningar um Hitaveituna.
6. Miðað við að framangreindar forsendur standist verði hafnar viðræður við Ræktunarsamband Flóa-og Skeiða um borun og lagt mat á hagkvæmni þess tilboðs sem dagsett er 24.04.2013. Það tilboð er byggt á eldra tilboði sem fara þarf yfir. Tilboðið miðast við að boruð verði hallandi hitahola um 5-15° frá lóðréttu. Ekki liggur fyrir mat á því hvort það tilboð er það sem hagstæðast kann að reynast. Viðræður gætu leitt til hagstæðari samninga um borun.

Að öðru leyti er vísað til þeirra gagna sem undirritaður hefur unnið og lagt fram vegna þessa verkefnis og er í samræmi við það samkomulag sem gert var 25.2.2012.

Lagt fram á fundi hreppsnefndar Eyja og Miklaholtshrepps þriðjudaginn 7. maí 2013

Sturla Böðvarsson



Sveitarstjórn samþykkir að sækja um víkjandi lán til Orkusjóðs vegna borunar nýrrar virkjunarholu á vegum sveitarfélagsins sem grundvallast á áætluðum kostnaði.

2. Ársreikningur hreppsins 2012, fyrri umræða.

Konráð Konráðsson endurskoðandi skýrði ársreikning 2012.

Reikningurinn samþykktur til seinni umræðu.

3. Fasteignaálagningin 2013. Álagning fasteignagjalda lögð fram.

Fasteignaskattur	10.314.551 kr.
Sorphirðu- og rotþróagjald	2.256.000 -
Afsláttur fasteignagjalda	<u>203.415 -</u>
Samtals	12.367.136 -

Samþykkt að taka hálf sorphirðugjald af öryrkjum og ellilífeyrisþegum.

Gjaldfallin fasteignagjöld og reikningar verða send í innheimtu til lögmanns.

4. Bréf Orkustofnunar er varðar Múlavirkjun. Guðbjarti falið að svara þessu bréfi.

5. Bréf sveitarstjóra Borgarbyggðar er varðar þjónustu skipulags- og byggingafulltrúa.

Bréfið lagt fram. Oddvita falið að skoða málið í heild sinni.

6. Prókurumboð vegna bankareiknings Laugargerðisskóla. Oddvita veitt umboð.

Önnur mál.

Bréf frá stjórn Hitaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps ehf. lagt fram þar sem könnuð er

afstaða hluthafa til samnings Hitaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps ehf., Eyja- og

Miklaholtshrepps og Félagsbúsins Miðhraauns 2 sf. Dagsett 19. ágúst 2004.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

Skólaakstur er varðar akstur nemenda í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Oddvita falið að skoða málið og koma með tillögur á næsta fundi.

Fleira ekki gert. Fundargerð lesin og samþykkt.